

AUGLÝSING

um friðlýsingu húsa.

Með vísan til 3. mgr. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 hefur forsætisráðherra að fenginni tillögu Minjastofnunar Íslands ákveðið að friðlýsa eftirtalin hús og mannvirki:

Múlakot í Fljótshlíð (landnr. 164051). Friðlýsingin tekur til staðarins í heild innan afmarkaðs svæðis, gamla íbúðar- og gistihússins og annarra uppistandandi staðarhúsa, rústa útihúsa og annarra fornminja, garðsins framan við húsið og lystihússins í garðinum.

Kárastaðir í Bláskógabyggð (fastanr. 222-6811). Friðlýsingin tekur til ytra borðs, sambyggðs hlaðins útihúss og upprunalegra innréttinga gamla íbúðarhússins.

Vatneyrarbúð, Aðalstræti 1, Vesturbyggð (fastanr. 212-3620). Friðlýsingin tekur til ytra borðs Vatneyrarbúðar.

Bergstaðastræti 70, Reykjavík (fastanr. 200-9176 og 200-9177). Friðlýsingin tekur til ytra borðs hússins.

Hallgrímskirkja í Saurbæjarsókn á Hvalfjarðarströnd (fastanr. 210-4768). Friðlýsingin tekur til ytra borðs kirkjunnar og kirkjuskips.

Þingvallabærinn, Bláskógabyggð (fastanr. 220-8843). Friðlýsingin tekur til ytra borðs bæjarins.

Salur í bakálmum Thorvaldsensstrætis 2, Reykjavík, Nasa-salurinn (fastanr. 200-2650). Friðlýsingin tekur til innviða, rýmisskipunar og varðveittra hluta af upprunalegum innréttingum í sal gamla Sjálfstæðishússins í bakálmum friðlýsts húss við Thorvaldsensstræti 2.

Hreppslaug í Skorradalshreppi (landnr. 133955). Friðlýsingin tekur til steinsteypis hluta hins upphaflega laugarmannvirkis en nær ekki til seinni tíma breytinga eða þjónustuhúss.

Forsætisráðuneytinu, 6. maí 2016.

F. h. r.

Sigurður Örn Guðleifsson.

Hildur Jónsdóttir.